

13. maí 2016

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar - mars 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 9,6 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 43,1 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjum af stöðuleikaframlagi á árinu 2016 sem námu 17 ma.kr í janúar og 25 ma.kr í mars. Handbært fé lækkar um 19,5 ma.kr. samanborið við lækkun um 35,2 ma.kr. á árinu 2015.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – mars 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	156.070	165.152	204.938
Greidd gjöld	147.010	169.604	177.071
Tekjujöfnuður	9.060	-4.452	27.867
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-5.398	-38.607	-18.260
Handbært fé frá rekstri	3.662	-43.059	9.608
Fjárfestingahreyfingar	-5.683	3.997	-6.044
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-2.021	-39.062	3.564
Afborganir lána	-51.575	-21.150	-31.490
Innanlands	-26.800	-4.726	-26.197
Erlendis	24.775	-16.424	-5.293
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-53.596	-60.212	-27.926
Lántökur	25.573	25.035	8.457
Innanlands	25.573	25.035	8.457
Erlendis	0	0	0
Breyting á handbæru fé	-28.023	-35.177	-19.469

Innheimtar tekjur fyrsta ársfjórðung voru tæpir 205 ma.kr. sem er 24% aukning milli ára. Samkvæmt fjárlögum voru áætlaðar tekjur fyrir tímabilið alls 174,5 ma.kr. og útkoman því 30,4 ma.kr. umfram áætlun. Þar af skýrist 25 ma.kr. frávik alfarið af meiri innheimtu stöðugleikaframlags á tímabilinu en áætlað var við dreifingu fjárlagaáætlunar niður á mánuði.

Að undanskildum tekjum af stöðugleikaframlagi voru innheimtar tekjur ríkissjóðs tæplega 163 ma.kr. sem eru 1,3% minni tekjur en á sama tíma í fyrra. Þessi samdráttur milli ára stafar af arðgreiðslu Landsbankans sem var greidd að fullu í marsmánuði í fyrra og nam alls 23,5 ma.kr. Í ár verður arðgreiðslan hinsvegar í tvennu lagi, í apríl og september, að upphæð 14,2 ma.kr. hvor greiðsla.

Af framansögðu sést að mjög umfangsmiklir óreglulegir liðir, stöðugleikaframlög og arður, gera það að verkum að þegar horft er á heildartekjur fyrsta ársfjórðungs í samanburði við ýmist áætlun tímabilsins eða sama tímabil í fyrra, fæst mjög skekk mynd. Að þessum liðum undanskildum aukast heildartekjur á milli



ára og eru umfram áætlun. Áhugaverðast er þó að skoða einstaka liði eins og gert verður hér á eftir.

Tekjur ríkissjóðs janúar - mars 2014–2016 (m.kr.)

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Skatttekjur og tryggingagjöld	127.722	134.786	154.237	10,0	5,5	14,4
Skattar á tekjur og hagnað	55.751	60.880	64.982	15,9	9,2	6,7
Tekjuskattur einstaklinga	32.018	31.813	39.414	11,2	-0,6	23,9
Tekjuskattur lögaðila	9.280	11.237	11.295	50,1	21,1	0,5
Skattur á fjármagnstekjur	14.453	17.830	14.272	10,1	23,4	-20,0
Eignarskattar	2.457	2.052	1.913	-5,2	-16,5	-6,8
Skattar á vöru og þjónustu	48.700	50.426	63.106	6,2	3,5	25,1
Virðisaukaskattur	30.592	32.034	44.664	8,2	4,7	39,4
Vörugjöld af ökutækjum	927	1.233	1.884	3,1	33,0	52,8
Vörugjöld af bensíni	2.588	2.681	2.525	2,0	3,6	-5,8
Skattar á olíu	1.587	1.650	1.816	5,9	4,0	10,1
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3.902	3.973	4.086	4,5	1,8	2,9
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	9.104	8.855	8.129	2,4	-2,7	-8,2
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	1.380	1.219	1.427	-3,6	-11,7	17,1
Aðrir skattar	2.018	2.078	2.191	10,8	3,0	5,4
Tryggingagjöld	17.416	18.131	20.619	6,6	4,1	13,7
Fjárframlög	43	45	51	4,8	4,7	13,8
Aðrar tekjur	28.223	30.322	50.650	167,8	7,4	67,0
Sala eigna	82	1	-	.	.	.
Tekjur alls	156.070	165.153	204.938	23,0	5,8	24,1

Skatttekjur og tryggingagjöld voru samtals 154,2 ma.kr. og jukust um 14,4% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 39,4 ma.kr. og jókst um 24% milli ára. Miklar almennar launahækkningar á síðasta ári og tímasetningar hækkana einstakra hópa geta verið nokkur skekkjuvaldur í áætlunum niður á mánuði ársins 2016 en frávik vegna þess jafnast út þegar lengra líður á árið. Þess vegna er það 2,4 ma.kr. frávik sem nú birtist ekki örugg vísbending um áframhaldandi frávik á næstu mánuðum. Frávikid skýrist þó einnig af launapróuninni. Í febrúar-þjóðhagsspá Hagstofu er nú búist við talsvert meiri launahækkun á árinu í heild en áður. Hækkunin milli ára er mjög mikil í upphafi ársins, en launavísitalan hækkaði um 11,8% að jafnaði á fyrstu þremur mánuðum þess. Tekjuskattur lögaðila var sambærilegur milli ára og nam alls 11,3 ma.kr. en var 0,8 ma.kr. undir áætlun. Fjármagnstekjuskattur var alls 14,3 ma.kr. og dróst saman um 20% milli ára sem skýrist af fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði sjálfum á síðasta ári vegna arðgreiðslu Landsbankans. Að undanskildum fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði var 9% aukning milli ára.

Tekjur af eignarsköttum námu 1,9 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. umfram áætlun. Þessi flokkur skatta dróst saman um 6,8% milli ára sem má alfarið rekja til auðlegðarskatts sem var afnuminn í fyrra en síðbúin innheimta hans skilaði sér þó enn fram eftir árinu. Hins vegar jukust tekjur af stimpilgjaldi um fjórðung og einnig jókst innheimta erfðafjárskatts og annarra smærri eignarskatta frá fyrra ári.

Skattar á vöru og þjónustu voru alls 63,1 ma.kr. sem er 2,4 ma.kr. umfram áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, nam 44,7 ma.kr. sem er 39,4% aukning milli ára. Skýringar á þessari



umtalsverðu aukningu milli ára eru nokkrar. Í fyrsta lagi urðu breytingar á greiðslufyrirkomulagi á innflutningi sem tóku gildi síðustu áramót. Þá rann bráðabirgðaregla um tvískiptingu gjalddaga í tolli sitt skeið á enda og ætti innheimtan því að sýna sem svarar einum mánuði meira en í fyrra. Mörg fyrirtæki reyndust hins vegar ekki viðbúin þessum breytingum og má því ætla að gjaldið hafi ekki innheimst eins vel og ella. Í kjölfarið hefur bráðabirgðareglan verið framlengd út árið 2016. Aukinn virðisaukaskatt má einnig rekja til aukins kaupmáttar heimila sem kemur m.a. fram í kaupum á varanlegum neysluvörum svo sem bílum og húsgögnum. Þá ber að nefna áhrif af fjölgun erlendra ferðamanna en þeim fjölgaði um 36% frá sama tímabili í fyrra. Einnig fer nú að gæta áhrifa af breikkun virðisaukaskattsstofnsins með því að fólksflutningar og önnur ferðaþjónustutengd starfsemi varð skattskyld um síðustu áramót.

Aðrir veigamiklir liðir meðal óbeinu skattanna eru vörugjöld af ökutækjum, bensíni og olíu. Af þessum liðum jókst vörugjald af ökutækjum mest á milli ára, eða um 53%, og nam 1,9 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi. Þessa miklu aukningu má rekja til mikillar fjölgunar nýskráðra bifreiða en samkvæmt Samgöngustofu jókst hún um 59% milli ára á fyrsta ársfjórðungi. Skattur á olíu jókst einnig milli ára og nam alls 1,8 ma.kr. en vörugjöld af bensíni drógust hins vegar saman og námu 2,5 ma.kr. Samanlagt voru fyrrnefnd gjöld 0,4 ma.kr. umfram áætlun. Samdráttur í vörugjaldi á hvern bíl og skattstofni bensíngjalds skýrist af mikilli endurnýjun bílaflotans upp á síðkastið en nýir bílar verða sífellt sparneytnari.

Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi voru rúmlega 4 ma.kr. Innheimt áfengisgjald nam 2,7 ma.kr. sem er 4% meira en á sama tíma í fyrra. Sala á áfengi fyrstu tvo mánuði ársins, mæld í vínanda, jókst þó aðeins um 1,4% milli ára og má því rekja tekjuaukninguna að mestu leyti til kerfisbreytingar síðustu áramót en þá var áfengisgjaldið hækkað um tæplega 20%. Um leið var gjaldtímabilum breytt og er styttra tímabil að baki innheimtu janúar-mars nú en í fyrra. Tekjur af tóbaksgjaldi voru óbreyttar milli ára og námu 1,4 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld voru tæplega 1,4 ma.kr. sem er 17% aukning milli ára. Hér gætir áhrifa af bráðabirgðareglu um tvískiptingu gjalddaga í tolli sem var afnumin um áramótin og leiddi til meiri innheimtu í mars í ár en í fyrra, líkt og áður var nefnt. Áhrif þess orsaka það að tekjur af tolli aukast milli ára þrátt fyrir afnám tolla af fatnaði og skóm um áramótin.

Tekjur af tryggingagjöldum námu samtals 20,6 ma.kr. og þar af nam almenna tryggingagjaldið 14,6 ma.kr. og var tæplega 1 ma.kr. umfram áætlun. Stofn tryggingagjalds, sem er góður mælikvarði á heildarlaunastofn landsmanna, jókst um 15,1% á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Hér gætir, líkt og í tekjuskatti einstaklinga, áhrifa af almennum launahækkunum á síðasta ári.

Aðrar tekjur voru alls 50,6 ma.kr. sem er töluverð aukning frá fyrra ári. Hana má rekja til stöðugleikaframlaga en þau námu alls 42 ma.kr. Þar af voru 17 ma.kr. í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að yrði lagður á slitabúin á þessu ári. Hluti stöðugleikaframlaga hafa innheimst heldur fyrr en áætlað var í fjárlögum og voru því alls 25 ma.kr. umfram áætlun á fyrsta ársfjórðungi. Þessum 25 ma.kr. var ráðstafað til innborgunar á skuldabréf Seðlabanka Íslands.

Veidigjald skilaði 2,4 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi sem er tæplega þreföld aukning frá fyrra ári. Aukninguna má rekja til breytinga á álagningu og innheimtu veidigjalds en nú er gjaldið innheimt á eins mánaðar fresti í stað þriggja í því fyrirkomulagi sem gildi í byrjun síðasta árs.

Greidd gjöld námu 177,1 ma.kr. og jukust um 7,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 4,4%. Fjármagnstekjuskattur sem var greiddur á þessu tímabili 2015 nam um 4,7 ma.kr, en óveruleg gjaldfærsla hefur átt sér stað á yfirstandandi ári. Ef leiðrétt er fyrir áhrifum þess hækka útgjöld um 7,4% á milli ára. Ef litið er til áætlunar þá lækka gjöld tímabilsins um 2,8% frá áætluðum útgjöldum. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.



Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-mars 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	21.116	22.605	24.235	8,3%	7,1%	7,2%
Almenn opinber þjónusta	13.179	12.696	13.177	11,1%	-3,7%	3,8%
Almannatryggingar og velferðarmál	31.389	32.219	34.371	3,8%	2,6%	6,7%
Heilbrigðismál	32.629	36.616	39.727	8,4%	12,2%	8,5%
Efnahags- og atvinnumál	14.431	29.248	30.758	18,8%	102,7%	5,2%
Menntamál	15.854	16.572	18.073	-1,1%	4,5%	9,1%
Menningar- og félagsmál	4.871	4.797	5.327	0,9%	-1,5%	11,0%
Lög- og réttargæsla	5.247	5.332	5.668	-2,2%	1,6%	6,3%
Önnur útgjöld	8.294	9.519	5.734	88,0%	14,8%	-39,8%
Gjöld alls	147.010	169.604	177.071	9,3%	15,4%	4,4%

Útlagður fjármagnskostnaður hækkar um 1,6 ma.kr. milli ára sem er samkvæmt áætlun.

Almenn opinber þjónusta hækkar um 0,5 ma.kr. milli ára eða 3,8%. Útgjöld vegna utanríkismála lækka um 0,2 ma.kr. frá fyrra ári, semskýrist af lægri útgjöldum til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands. Almenn fjárframlög til sveitarfélaga hækka um 560 m.kr. sem er 5% undir áætluðum framlögum.

Efnahags- og atvinnumál námu um 30,6 ma.kr. og jukust um 5,2 % frá fyrra ári, tveir liðir bera mestu útgjaldaaukningu milli ára. Stærstu þættir eru vegna landbúnaðarmála en greiðslur vegna mjólkur- og sauðfjárframleiðslu aukast um 0,7 ma.kr. en eru innan áætlunar. Einnig er útgjaldaaukning undir lið Rannsóknna og þróunar hjá Tækniþróunarsjóði sem nemur 0,5 ma.kr. en sem er innan áætlunar ársins. Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána námu 15,2 ma.kr. á tímabilinu sem er aðeins lægri frjárhæð en 2015. Heildarútgjöld efnahags- og atvinnumála eru innan áætlunar.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 39,7 ma.kr. og jukust um 3,1 ma.kr. milli ára eða um 8,5 %, sem er hækkun um 0,8% frá áætlun. Megin skýring á aukningu milli ára er vegna sjúkrahúspjónustu sem jókst um 1,7 ma.kr., sem er 4,3% yfir áætluðum útgjöldum, þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala háskólaskjúkrahúss sem eykst um 1,3 ma.kr. á tímabilinu. Sjúkrahúspjónusta hækkar um 0,8 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga aukast um 0,4 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna menningar og félagsmála námu 5,3 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 0,5 ma.kr. eða 11,0% milli ára sem er 3,3% lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Útgjöld menntamála námu 18,1 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 1,5 ma.kr. eða 9,1% milli ára sem er 3,7% lægra en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 34,4 ma.kr. og aukast um 2,2 ma.kr. eða 6,7 %. Framlög til aldraðra aukast um 1,5 ma.kr. Þar af eru lífeyristryggingar að aukast um 1,3 ma.kr. eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Öorkubætur aukast um 1,2 m.kr. milli ára.

Önnur útgjöld lækka um 3,8 ma.kr. á tímabilinu sem skýrist af því að greiðsla fjármagntekjuskatts vegna arðgreiðslu frá Landsbankanum var á fyrsta ársfjórðungi 2015 en kemur til greiðslu á öðrum ársfjórðungi



2016. Fjármagnstekjuskattur var 4,9 ma.kr. á tímabilinu 2015 en er 0,2 ma.kr. á tímabilinu 2016. Lífeyriskuldbindingar aukast um 0,6 ma.kr. bæði vegna launaþróunar á síðasta ári og fjölgunar lífeyrisþega.

Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:

Útgjöld einstakra málaflokka – frávik milli ára janúar 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi hv. árs		Br. frá fyrra ári, %
	2015	2016	
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	1.008	1.028	2,0%
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	2.693	2.782	3,3%
Utanríkismál	2.519	2.277	-9,6%
Önnur almenn opinber þjónusta	2.158	2.216	2,7%
Fjármagnskostnaður	22.605	24.235	7,2%
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	4.318	4.874	12,9%
Almenn opinber þjónusta	35.301	37.412	6,0%
Lög- og réttargæsla	5.332	5.668	6,3%
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	1.599	1.717	7,4%
Landbúnaðarmál	3.603	4.507	25,1%
Samgöngumál	5.359	5.082	-5,2%
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	1.226	1.705	39,1%
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	15.100	15.226	0,8%
Önnur efnahags- og atvinnumál	2.361	2.521	6,8%
Efnahags- og atvinnumál	29.248	30.758	5,2%
Lyf og lækningavörur	4.648	4.834	4,0%
Heilsugæsla	7.508	8.335	11,0%
Sjúkrahúspjónusta	16.185	17.861	10,4%
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	7.079	7.523	6,3%
Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla	1.195	1.174	-1,8%
Heilbrigðismál	36.616	39.727	8,5%
Menningarmál	2.149	2.332	8,5%
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	2.648	2.995	13,1%
Menningar- og félagsmál	4.797	5.327	11,0%
Framhaldsskólastig	5.469	6.113	11,8%
Háskólastig	10.074	10.588	5,1%
Önnur menntamál	1.029	1.371	33,3%



Menntamál	16.572	18.073	9,1%
Örorka og fötlun	8.546	9.700	13,5%
Öldrun	12.227	13.678	11,9%
Fjölskyldur og börn	5.900	5.586	-5,3%
Atvinnuleysi	3.432	3.092	-9,9%
Vaxtabætur	144	77	-46,4%
Önnur trygginga- og velferðarmál	1.969	2.239	13,7%
Almannatryggingar og velferðarmál	32.219	34.371	6,7%
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	3.001	3.829	27,6%
Fjármagnstekjuskattur	4.933	187	-96,2%
Annað	1.586	1.719	8,4%
Önnur útgjöld	9.519	5.734	-39,8%
Gjöld alls	169.604	177.071	4,4%

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 3,5 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 39 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 31,5 ma.kr. til samanburðar við 21,1 ma.kr. árið áður. Stærstur hluti afborgana skýrist af 25 ma.kr. innborgun á skuldabréf Seðlabanka Íslands, en til þess var fyrsta hluta af stöðugleikaframlagi slitabúa föllnu fjármálafyrirtækjanna ráðstafað. Þá skýrist 5,3 ma.kr. afborgun á uppgreiðslu á erlendu láni í breskum pundum. Lántökur tímabilsins námu alls 8,5 ma.kr. en á sama tímabili árið 2015 námu þær 25 ma.kr. Engin erlend lántaka var á tímabilinu.